




# Bekkjarfulltrúi

Sagan af honum Sigurjóni



“Og svo þurfum við að velja bekkjarfulltrúa” sagði kennarinn.

Það varð dauðapögn í hópnum.

Foreldrarnir sem höfðu verið í hrókasamræðum urðu allt í einu vandræðalegir og forðuðust að líta hver á annan.

Margvíslegar hugsanir flögruðu um stofuna:

... Hvað gerir eiginlega bekkjarfulltrúi?

... Ég veit svo lítið um skólamálin.

... Almáttugur, ég þori ekki að standa upp og tala fyrir framan fólk.

... Það hlýtur einhver að gefa sig fram sem kann þetta.

... Strákurinn minn vill örugglega ekki að ég sé að vasast í þessu.

... Ég hef engan tíma.

Það var þá sem Sigurjón Magnússon sagði: “Ég skal taka það að mér ef þið hin lofið að hjálpa til”. Það var auðheyrt að öllum létti. Erfiðasta mál kvöldsins var leyst. Sigurjón var valinn bekkjarfulltrúi og allir lofuðu hátíðlega að aðstoða hann enda þakklátir fyrir að hafa sloppið svona vel.

Eftir nokkra daga komu börnin heim með bréf frá Sigurjóni og kennaranum. Í því voru nokkrar spurningar og áttu foreldrarnir að krossa við viðeigandi svör og senda seðilinn til baka innan viku. Þá áttuðu foreldrarnir sig á því að þessi Sigurjón var ansi klókur. Menn höfðu lýst sig reiðubúna til að aðstoða og hann ætlaði greinilega að notfæra sér það. Þarna höfðu sem sagt allir foreldrar merkt við einhver verkefni sem þeir voru reiðubúnir til að annast.

Þannig byrjaði þetta starf sem þróaðist í skemmtilegt samskipti milli foreldra, nemenda og kennara. Úr varð samheldinn bekkur þar sem allir þekktust og þar sem foreldrarnir höfðu eitthver hlutverk. Bekkur þar sem skólastarfið kom öllum við og þar sem umsjónarkennarinn hafði aðgang að áhugasömum foreldrum og fjölbreyttri reynslu þeirra.

Það sem ýtti öllu af stað var markmið Sigurjóns Magnússonar að gefa engu foreldri tækifæri til að velja möguleikann “óvirkur”. Enginn vildi í raun vera óvirkur en menn höfðu ekki séð neina möguleika til að gerast þátttakendur í bekkjarstarfi.

Þetta samstarf hélt svo áfram meðan börnin gengu í grunnskóla öllum til ánægju.

